

Skipulagsstofnun
Borgartún 7b
105 REYKJAVÍK

Garðabær, 3. ágúst 2022
Málsnúmer: 202207-0004
SS/IAS

Efni: Umsögn um matsskyldu framkvæmdar grjótnáms vestan Grindavíkur.

Vísað er til tölvupósts frá Skipulagsstofnun, dags. 5. júlí 2022, þar sem óskað er eftir umsögn Náttúrufræðistofnunar Íslands um tilkynnta framkvæmd Grindavíkurbæjar á grjótnámi vestan Grindavíkur.

Grjótnámið er fyrirhugað úr Eldvarpahrauni eldra og stefnt er að því að taka um 100.000 m³ á 8,5 ha lands en þegar er búið að taka efni á hluta svæðisins (um 50.000 m³ á 5 ha). Efnistökusvæðið er á gildandi aðalskipulagi Grindavíkur 2018-2032 (E6) og allt í kringum það er skipulagt iðnaðarsvæði.

Náttúrufræðistofnun hefur kynnt sér gögn með tilkynningunni. Eldvarpahraun eldra hefur almennt mjög hátt verndargildi og nýtur verndar samkvæmt 61. grein laga um náttúruvernd nr. 60/2013. Í skýrslu Náttúrufræðistofnunar um jarðminjar, vistgerðir, gróður og fuglalíf á áhrifasvæði Eldvarpavirkjunar, sem unnin var fyrir HS Orku árið 2021, kemur fram að „hraunið [sé] stórbrotið helluhraun. Í því eru fjölmargir rishólar með áslæga sprungu sem liggur eftir hryggnum og minni geislasprungur á hliðum. Einnig eru miklar rissléttur með sprungum eftir jöðrum og skvompum þar sem hraunið hefur verið gegnstorkið áður en það bólgnði upp”.

Hraunið er mjög mikið raskað á áætluðu efnistökusvæði og stefnt er að því að taka það svæði undir iðnaðarsvæði í framtíðinni. Því er skynsamlegra að mati Náttúrufræðistofnunar að stækka það efnistökusvæði sem fyrir en en að raska nútímahraun annars staðar með nýju efnistökusvæði. Stofnunin telur ekki að nýtt umhverfismat myndi bæta við miklum upplýsingum um svæðið og metur því sem svo að framkvæmdin sé ekki matsskyld.

Að því sögðu þarf að virða verndargildi Eldvarpahrauns eldra og tryggja að hluti hraunsins sé verndaður til frambúðar, og þá sérstaklega þar sem það er heillegt og mest um svipmiklar jarðmyndanir. Skoða ætti formlega verndun og skilgreina verndarsvæði í skipulagi. Það er mikilvæg mótvægisáðgerð gegn því raski sem efnistakan og aðrar framkvæmdir sem raskað hafa hrauninu gegnum tíðina hefur valdið.

Virðingarfyllt,

Snorri Sigurðsson

Snorri Sigurðsson
Sviðsstjóri náttúruverndarsviðs

